



Schola Akureyris

Áfangalýsing

Námsgrein: Tungumál, menning og saga

Áfanganúmer:

TUN3A050

Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein):

5

Áfanginn er á 3. þrepi.

Undanfari: TUN2A050

Lýsing á efni áfangans:

Áfanginn fjallar um menningu, sögu og landafræði Evrópu. Viðfangsefni geta m.a. verið kvikmyndir, matarhefðir, listasaga, tónlist og fleira. Áfanginn byggist upp á nokkrum þematengdum lotum og fá nemendur innsýn og aukinn skilning á samfélagi og menningu Evrópuþjóða. Áhersla er lögð á að nemendur verði læsir á menningu. Gestir frá ýmsum þjóðum heimsækja nemendur í áfanganum til að fræða þá um land og þjóð. Viðfangsefnin eru valin í samráði við kennara eftir áhugasviði nemenda. Færniþáttum í frönsku/þýsku er fléttað saman við menningu og sögu landanna.

Lögð er áhersla á rétta uppsetningu ritunarverkefna, unnið með framsetningu í ræðu og riti og unnið með bókmenntatexta.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hvernig menningareinkenni birtast í kvikmyndum, matarhefðum og listum
- sértækari orðaforða sem tengist efni áfangans
- helstu staðreyndum um landafræði og menningu nokkurra samfélaga í Evrópu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bera kennsl á menningareinkennum ólíkra þjóða
- átta sig á hvernig menning endurspeglar m.a. í listum, matarhefðum, kvikmyndum og tónlist
- skipuleggja vinnubrögð í hóp- og einstaklingsverkefnum
- lesa texta sem byggja á sértækum orðaforða í viðfangsefnum áfangans
- horfa á kvikmyndir, lesa bókmennta- og nytjatexta og fjalla um það einstaklingsbundið eða í hópum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta gert skýra grein fyrir tilteknum þáttum í menningu þjóðar, jafnt munnlega og skriflega
- sýna ólíkum menningarheimum skilning
- búa yfir góðum lesskilningi og geta miðlað þeirri þekkingu bæði á íslensku og frönsku eða þýsku
- skrifa margskonar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsmat:

Námsmat mun byggja á símati.

FRA/ÞÝS (2 tímar í viku): 25% + 5% vinnueinkunn

Evrópa (4 tímar í viku): 65% + 5% vinnueinkunn

Evrópa (65%):

20% hvert hópverkefni

5% hvert einstaklingsverkefni